

## ERINDISBRÉF

uppfært 1. febrúar 2023

Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir

**Ábyrgð:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

### Inngangur:

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 11. október 2019. Með stefnunni, sem gildir til ársloka 2025, var samþykkt aðgerðaáætlun með 34 kostnaðarmetnum aðgerðum. Nú þegar rúm tvö ár eru liðin frá samþykkt stefnunnar er talin þörf á að endurskoða aðgerðirnar. Að baki þeirri ákvörðun liggja niðurstöður stöðumats frá desember 2021 á aðgerðaáætluninni og niðurstöður úttektar á fjölda og stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir í október 2021

### Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að endurskoða aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsörðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun á aðgerðaáætluninni.

### Verkefni:

1. Greina húsnæðisparfir heimilislausra á grundvelli úttektar um heimilisleysi í Reykjavík í október 2021.
2. Gera tillögur að húsnæðisáætlun fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir með sérstaka áherslu á þarfir kvenna.
3. Greina stöðu heimilislausra kvenna sem fá þjónustu, s.s. í Konukoti, í úrræðum á borð við „húsnæði fyrst“ (H 121) eða búa sjálfstætt og gera tillögur að þjónustu.
4. Greina þörf á hjúkrunarrýmum og annarri heilbrigðisþjónustu fyrir heimilislausa og leggja fram tillögur.
5. Leggja mat á þörf hópsins fyrir virkni og gera tillögur að virkniúrræðum.
6. Gera tillögur að leiðum til að styðja og efla starfsfólk sem starfar í krefjandi starfsumhverfi.
7. Greina kostnað við veitta þjónustu s.s. kostnað fyrir hvern þjónustupátt og kostnað við hvern notanda eftir tegund þjónustu, til að tryggja megi bestu og hagkvæmstu nýtingu fjármagns.
8. Gera tillögur að leiðum til að styðja og efla starfsfólk sem starfar í krefjandi starfsumhverfi.
7. Greina kostnað við veitta þjónustu s.s. kostnað fyrir hvern þjónustupátt og kostnað við hvern notanda eftir tegund þjónustu, til að tryggja megi bestu og hagkvæmstu nýtingu fjármagns.

8. Skoða með hvaða hætti skaðaminnkandi þjónusta er mönnuð í nágrannalöndum t.d. Finnlandi og Danmörku og þær hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsfólks.

Skoða með hvaða hætti skaðaminnkandi þjónusta er mönnuð í nágrannalöndum t.d. Finnlandi og Danmörku og þær hæfniskröfur sem gerða eru til starfsfólks.

9. Leggja fram áfangaskipta og kostnaðarmetna aðgerðaráætlun.

10. Kanna leiðir til aukinnar samvinnu ríkis og sveitarfélaga í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

### **Stýrihópurinn skipa:**

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður hópsins, Samfylkingin.

Rannveig Ernudóttir, Píratar.

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Sjálfstæðisflokkur.

Sigprúður Erla Arnardóttir, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofa velferðarsviðs og starfsmaður hópsins.

### **Vinnutilhögun:**

Formaður leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögun. Starfsmaður hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða og önnur praktísk atriði. Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við endurskoðunina, s.s. teymi árangurs og gæðamats og skrifstofu fjármála- og rekstrar.

### **Til ráðgjafar, samtarfs og samráðs:**

Í starfi sínu skal hópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi og efna til samráðsfundar með helstu hagsmunaaðilum, s.s. Rótinni, Samhjálp, Hjálpræðishernum, Hjálparstarfi kirkjunnar, Rauða krossinum o.fl.

### **Starfstími:**

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu janúar 2022 - júní 2023.

Reykjavík, 1. febrúar 2023

---

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri